

## Framtíðarsýn hverfisráða 2021

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð hefur á höndum það verkefni að gera tillögur að hlutverki hverfisráða. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur ráðið unnið, í samráði við hverfisráðin, að því að draga fram stöðu hverfisráðanna, styrkleika þeirra og veikleika og helstu áskoranir. Hér er stuðst við m.a. úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á þjónustumiðstöðvum og hverfisráðum<sup>1</sup> og samantekt vinnustofu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs með hverfisráðunum<sup>2</sup>.

Fram hefur komið ríkur vilji til að skýra mun betur hlutverk hverfisráðanna og samspil þeirra við borgarkerfið. Í raun má segja að þrátt fyrir að hverfisráðin þyki hafa ýmislegt til síns ágætis og að þar sé komin reynsla sem byggja megi á, þá sé takmarkaður áhugi á að halda áfram með þau í alveg óbreyttri mynd því þau ættu og þyrftu að vera öflugri. Breytingar á þeim eru því óhjákvæmilegar og að undirbúningi þeirra hefur stjórnkerfis- og lýðræðisráð unnið.

Fleiri breytingar eru óhjákvæmilegar. Í samræmi við gildandi sveitarstjórnarlög, þar sem lágmarksfjöldi borgarfulltrúa í Reykjavík er 23, mun borgarfulltrúum fjölga um 8 á næsta kjörtímabili. Ljóst er að um verulega breytingu á borgarkerfinu öllu er að ræða og í því felast mikil tækifæri. Auk þess eru kjörtímabilaskipti eðli málsins samkvæmt gott tækifæri til innleiðingu breytinga.

Á starfsáætlun stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 2018 er þannig sett niður það verkefni að styðja við breytingar á hverfisráðum samhliða borgarstjórnarkosningum. Það þýðir að fyrirséð er að strax í upphafi næsta kjörtímabils verði gerðar ákveðnar grundvallarbreytingar á hverfisráðunum sem undirbúa þarf fyrir kosningar með það að markmiði að efla hverfisráðin. Síðan verði frekari breytingar innleiddar í áföngum út kjörtímabilið. Í þessu skyni er mikilvægt að setja fyrirfram niður ákveðna framtíðarsýn sem vinna skal eftir.

Hér er byrjað á því að skilgreina markmið. Þar er fyrst og fremst horft til þess hvað hverfisráð *eru ekki* (eða ekki í nægilegum mæli) en *ættu að vera*. Út frá markmiðunum koma síðan tímasettar aðgerðir.

---

<sup>1</sup> [http://reykjavik.is/sites/default/files/skyrsla\\_nytt.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/skyrsla_nytt.pdf)

<sup>2</sup> [http://reykjavik.is/sites/default/files/samantekt\\_vinnustofu\\_hverfisrada\\_15\\_mai.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/samantekt_vinnustofu_hverfisrada_15_mai.pdf)

## Markmið

Markmiðin með framtíðarsýninni fyrir hverfisráðin eru eftirfarandi:

### Virðing

Hverfisráð njóti virðingar innan borgarkerfis sem utan. Íbúar jafnt sem starfsfólk borgarinnar viti af tilvist þeirra og séu meðvituð um hvernig hafa megi samband við þau. Staða hverfisráða í skipuriti sé skýr. Tenging inn í borgarkerfið sé sterk og skýrt skilgreind og aðgengi hverfisráðanna að starfsfólki borgarinnar sé gott.

### Valddreifing

Hverfisráð hafi skilgreint vald yfir málefnum og rekstri sem varða starfssvæði þeirra. Þau komi að hverfisbundinni stefnumótun, innleiðingu stefnu, ákvarðanatöku, samráði og útdeilingu fjármagns þvert á borgarkerfið.

### Valdefling

Hverfisráð verði vettvangur staðbundinnar valdeflingar. Þau hafi sterk tengsl inn í sitt starfssvæði, rækti þar félagsauð og veiti íbúum á svæðinu tækifæri til að hafa áhrif í borgarkerfinu. Þau séu í góðum tengslum við fyrirtæki, félagasamtök, grasrótahreyfingar og íbúasamtök á sínu starfssvæði. Með hverfisráðum fái hvert hverfi tækifæri til að blómstra á sínum eigin forsendum og rækta sín séreinkenni.

## Aðgerðir

Til að vinna að þessum markmiðum eru settar niður eftirfarandi aðgerðir.

Síðast koma stærri aðgerðir til lengri tíma sem fela í sér róttækar breytingar sem jafnvel þarf að innleiða í áföngum. Þar mætti t.d. horfa til þess að byrja á því að innleiða í einu hverfi, læra af þeirri reynslu og halda svo áfram í öðrum hverfum. Þetta yrði vel mögulegt þar sem andi breytingaferilsins felur í sér að hverfin þurfi ekki öll að vera alltaf eins heldur geti þau prófað sig áfram með staðbundnar aðgerðir og stefnumótun.

### 1. Hverfisráð fái sess í skipuriti borgarinnar

Til þess að hverfisráðin njóti virðingar sem raunverulegur hluti borgarkerfisins þurfa þau að koma fram í skipuriti þess. Þetta er jafnframt mikilvægt til að gera þau sýnilegri út á við. Eðlilegt er að þau heyri undir skrifstofu borgarstjórnar og þá þyrfti jafnvel að huga að því að efla þá skrifstofu.

*Tími:* Fyrri hluta árs 2018

*Ábyrgð:* Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

### 2. Unnin verði ný samþykkt fyrir hverfisráðin

Í ljósi breyttrar stöðu hverfisráða og í samræmi við ný hlutverk þeirra þarf að vinna nýja samþykkt fyrir þau. Samþykktina þarf að innleiða í byrjun næsta kjörtímabils en hún verði endurskoðuð eftir því sem frekari breytingar verði gerðar á hverfisráðunum. Fyrstu drög verði tilbúin fyrir borgarstjórnarkosningar.

*Tími:* 2018 - 2021

*Ábyrgð:* Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

### 3. Skipun í hverfisráðin verði breytt

Í núverandi fyrirkomulagi kýs borgarstjórn alfarið í hverfisráðin og er fulltrúum þannig skipt eftir atkvæðavæði á fundum borgarstjórnar. Vanalegast er hugað að því að fulltrúar í hverfisráðum búi í viðkomandi hverfi en ágalli á þessu fyrirkomulagi er að fulltrúarnir eru sjaldnast vel tengdir inn í borgarkerfið að öðru leyti.

Þannig hefur stjórnkerfis- og lýðræðisráð verið í samráðsferli um að skoða breytingar á þessu fyrirkomulagi. Fram hefur komið nokkuð skýrt ákall um að borgarfulltrúar eigi sæti í hverfisráðum og með fjölgun borgarfulltrúa gefst augljóst tækifæri til að koma því við. Jafnframt hefur komið fram áhugi á því að annar hluti hverfisráðanna verði skipaður íbúum hverfisins sem valdir eru beint úr hópi íbúa, utan við borgarfulltrúakerfið. Slíkt myndi áfram tryggja beina tengingu inn í hverfin. Stjórnkerfis-

og lýðræðisráð hefur verið að vinna með þá hugmynd að þar gæti hluti verið kosinn beinni kosningu meðal íbúa en einn fulltrúi verði slembivalinn, þ.e. gefi ekki kost á sér í kosningu en sé valinn af handahófi til starfsins. Hér hefur verið reynt að koma til móts við kosti og galla sem eru í þessum mismunandi leiðum. Á þessu hafa komið fram nokkuð skiptar skoðanir innan hverfisráða sem og innan stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Sumum hugnast bein kosning og vilja hana eingöngu, en aðrir eru hrifnir af hugmyndum um slembival eingöngu.

Hér er því tekist á um ýmis útfærsluatriði, svo sem fjölda borgarfulltrúa í hverju hverfisráði og hvernig fulltrúar íbúa eru valdir. Mögulega væri hægt að leysa þetta með því að gefa hverju hverfisráði ákveðið sjálfðæmi svo hægt sé að laga fyrirkomulagið að óskum íbúa í hverju hverfi fyrir sig og prófa sig áfram með mismunandi leiðir.

Lagt er til að haldið verði áfram með samráðsferli um lendingu á því hvernig skipað er í hverfisráð, og það útvíkkað til almennra borgarbúa. Hér mætti virkja rafrænar íbúakosningar og/eða samráð á Betri Reykjavík. Stefnt er að því að tillaga liggja fyrir áður en núverandi kjörtímabil lýkur sem hægt er að taka áfram og útfæra strax í upphafi næsta kjörtímabils.

Óháð öllu öðru verði hugað að því að aðilar á borð við fulltrúar íbúasamtaka og ungmennaráða fái aðild að fundum hverfisráðanna og fái fyrir það greitt.

*Tími:* 2018

*Ábyrgð:* Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

#### **4. Fjöldi hverfisráða verði endurskoðaður**

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð hefur unnið með hugmyndir um að fækka hverfisráðum en slíkt hefði ákveðna kosti í för með sér á borð við aukna skilvirkni og yfirsýn . Ef hverfisráð eiga að hafa aukna ábyrgð á samræmingu stefnumótunar og þjónustu þarf jafnframt að huga vel að því hvernig skipting hverfisráða rímar við aðra hverfisskiptingu á rekstri borgarinnar, til dæmis fjölda þjónustumiðstöðva. Þessar hugmyndir hafa þó mælst misjafnlega fyrir og hefur andstaða komið t.d. frá Kjalarnesi, sem hefur landfræðilega sérstöðu og eðlilega eru þar áhyggjur af því að fjarlægðin frá borgarkerfinu yrði enn meiri ef hverfisráð Kjalarness sameinast öðrum. Einnig hafa önnur hverfisráð á borð við hverfisráð Breiðholts lýst yfir andstöðu við að vera sameinuð öðrum hverfisráðum sökum stærðar hverfisins. Þannig er hægt að nálgast málið frá ýmsum hliðum og hér þarf að huga að sérkennum og óskum hverfanna. Endanlegur fjöldi hverfisráða samkvæmt nýja fyrirkomulaginu þarf að liggja fyrir snemma á næsta kjörtímabili.

*Tími:* 2018

*Ábyrgð:* Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

#### **5. Komið verði á reglulegum fundum hverfisráða og miðlægra stofnana**

Reglulegur fundavettvangur hverfisráða með lykilstofnunum borgarinnar er mikilvægur þáttur í því að styrkja vald þeirra og veita þeim skýrar leiðir til að koma sínum hugmyndum og tillögum á framfæri.

Árlegir fundir Reykjavíkurráða ungmenna, öldungaráðs og fjölmeningarráðs með borgarstjórn hafa gefið góða raun og augljóst er að hið sama gæti gilt um hverfisráð. Þannig er lagt til að fulltrúar hverfisráða fundi árlega með fulltrúum borgarstjórnar, þar sem tillögur verði bornar upp og ræddar. Einnig fundi fulltrúar hverfisráða minnst tvisvar á ári með borgararráði. Jafnframt skuli hverfisráð funda reglulega með fagráðum og/eða fagsviðum.

*Tími:* Seinni hluta árs 2018

*Ábyrgð:* Forsætisnefnd

## **6. Hverfisráð fái aukið forræði yfir úthlutun styrkja**

Í útdeilingu fjármagns felast völd og tækifæri til þess að rækta staðbundin verkefni og vera í beinum tengslum við það grasrótastarf sem á sér stað í hverfunum. Hér þarf að taka tillit til ólíks íbúafjölda í hverfunum sem og þjónustuparfar. Nú þegar er unnið að því að koma upp hverfissjóði sem skiptist milli hverfanna og er fyrirhugað að hverfisráð muni hafa forræði yfir útdeilingu styrkja úr þeim sjóði. Sú vinna er langt komin og ekkert er því til fyrirstöðu að klára hana svo núverandi hverfisráð geti átt heiður af fyrstu útdeilingum úr hverfissjóðnum.

*Tími:* Fyrri hluta árs 2018. Áfram verði unnið að því að útvíkka þá styrki sem hverfisráð fá forræði yfir.

*Ábyrgð:* Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

## **7. Hverfisráð setji sér eigin stefnumótun**

Í samræmi við nýtt skýrt hlutverk setji hvert og eitt hverfisráð sér sína eigin stefnumótun á hverju ári, með lykiláherslum, markmiðum og tímasettum aðgerðum. Þau verði þar vel studd af miðlægu stjórnsýslunni.

*Tími:* 2018 – 2021

*Ábyrgð:* Hverfisráðin

## **8. Hverfisráð fái ábyrgð á staðbundinni upplýsingamiðlun**

Upplýsingamiðlun borgarinnar inn í hverfi um hverfistengd málefni er eins og er á forræði ýmissa aðila sem fæstir eru tengdir beint inn í hverfin. Hverfisráðin hafa þar nokkurt hlutverk en það hlutverk er lítt skilgreint og tilviljanakennt. Vel færi á því að hverfisráð myndu taka að sér að miðla upplýsingum sem tengjast viðkomandi hverfi. Þannig gætu þau haft forræði yfir sérstöku hverfissvæði á vefsíðu borgarinnar, samfélagsmiðlum tengdum hverfinu, og komið að því að semja fréttir borgarinnar af hverfistengdum málum. Fundir á vegum borgarinnar í hverfinu verði ávallt haldnir í nánú samráði við hverfisráðin.

*Tími:* 2019

## 9. Hverfisráð fái ábyrgð á staðbundinni stefnumótun

Borgarkerfið er nú skipulagt þannig að fagsvið og fagráð vinna að miðlægri stefnumótun sem síðan er innleidd á starfsstöðvum. Aðkoma hverfisráða að þessu er takmökud, í raun nánast engin og alls ekki vel skilgreind. Þessu mætti breyta þannig að hverfisráð hafi skilgreinda aðkomu að staðbundinni útfærslu á miðlægri stefnumótun. Þannig sé það þeirra hlutverk að stilla upp aðgerðaáætlunum á sínu starfssvæði og sjá um samræmingu á innleiðingu stefnumótunar í hverfinu þvert á borgarkerfið. Eftirlit með innleiðingu stefnu verði jafnframt á þeirra höndum. Þannig færist hlutverk miðlægra sviða og ráða meira í átt að því að draga upp stóru línurnar og vera í stoðhlutverki en nánari útfærsla stefnu verði hjá hverfisráðum.

Tími: 2019-2020

Ábyrgð: Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

## 10. Hverfisráð fái ábyrgð á nærþjónustu

Í þjónustustefnu Reykjavíkurborgar er að finna skýrt markmið um eflingu nærþjónustu og notendamiðaðrar hönnunar. Hverfisráð geta spilað þar lykilhlutverk þar sem þau eru nálægt íbúunum í hverfinu, eru í tengslum við staðbundnar þarfir og viðhorf og eru þannig í stöðu til að laga þjónustu að notendum í hverju hverfi fyrir sig. Aftur er þannig fyrirséð að miðlæg svið og ráð geta verið í stoðhlutverki, þeirra sé fyrst og fremst að leggja stórar miðlægar línur, afla og miðla upplýsinga og tryggja ákveðinn jöfnuð um alla borgina. Hverfisráðin geti hins vegar komið til móts við staðbundnar aðstæður og brugðist skjótt við breytingum á þörfum.

Með aukinni rafrænni þjónustu og stjórnsýslu gefast hér mikil tæknileg tækifæri til að hafa góða yfirsýn yfir þarfirnar og hafa eftirlit með að miðlægum markmiðum á borð við jöfnuð og skilvirka nýtingu fjármagns sé náð. Ljóst er að þetta auk annarra nauðsynlega breytinga á stoðkerfi borgarinnar krefst þó töluverðrar endurskipulagningar. Flækjustigið á þessari yfurfærslu er því nokkuð og því er fyrirhugað að nokkurn tíma taki fyrir þessa breytingu að koma fram að fullu.

Tími: 2019-2021

Ábyrgð: Stjórnkerfis- og lýðræðisráð